# Viðbragðsáætlun vegna óveðurs – leikskólinn Ylur

□ Ef leikskólastjóri metur veður eða færð þannig að það muni hamla starfsfólki að komast til vinnu fyrir opnun leikskólans er slíkt tilkynnt foreldrum símleiðis eigi síðar en kl. 7.30 að morgni samkvæmt úthringikerfi sem skilgreint er af leikskólastjóra.

□ Ef leikskólastjóri metur veður eða veðurspá þannig að það muni hamla starfsfólki að komast frá vinnu að lokunartíma leikskólans er honum heimilt að tilkynna það foreldrum, með beiðni um að börn verði sótt. Slík beiðni skal fara fram símleiðis.

□ Það er á valdi leikskólastjóra að taka ákvörðun hverju sinni ef til einhverra óvæntra aðgerða þarf að grípa vegna náttúruvár. Ef kemur til lokunar leikskólans vegna óveðurs er það tilkynnt foreldrum símleiðis eigi síðar en kl. 7.30 að morgni.

□ Þegar veður er ótryggt er það ávallt mat foreldra sjálfra hvort þeir sendi börn sín í leikskólann eða ekki.

□ Ákveði foreldrar að halda börnum sínum heima vegna veðurs er æskilegt að tilkynna það til skólans eftir að hann opnar.